

# Fundargerð 864. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, miðvikudaginn 10. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Lilja Einarsdóttir í fjarveru Ásgerðar K. Gylfadóttur.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Aldís bauð stjórnarmenn velkomna og setti sinn fyrsta fund sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í byrjun fundar kynntu allir fundarmenn sig áður en gengið var til dagskrár.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 863. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 863. fundar stjórnar sambandsins frá 26. september 2018.

*Fundargerðin staðfest og undirrituð af þeim stjórnarmönnum sem sátu 863. fund stjórnar.*

### 2. Kjör varaformanns - 1810002SA

Formaður lagði fram tillögu um Heiðu Björgu Hilmisdóttur sem varaformann stjórnar sambandsins 2018-2022.

*Eftir góða umræðu um tillöguna var kosið um málið og var tillaga formanns samþykkt með 9 atkvæðum. Heiða Björg er því rétt kjörin varaformaður stjórnar sambandsins kjörtímabilið 2018-2022.*

*Gunnar Einarsson og Eyþór Laxdal Arnalds sátu hjá.*

### 3. Fundargerð XXXII. landsþings sambandsins - 1602044SA

Lögð fram kynningar fundargerð XXXII. landsþings sambandsins sem haldið var í Hofi á Akureyri 26.-28. september 2018.

*Ákveðið að taka fyrir á næsta fundi tillögu um stofnun starfshóps sem hefur það markmið að endurskoða samþykktir sambandsins.*

**4. Mannauðsstefna sambandsins - 1511016SA**

Lögð fram Mannauðsstefna sambandsins sem samþykkt var í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. mars 2018.

**5. Stefna og viðbragðsáætlun sambandsins - 1608034SA**

Lögð fram stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni, dags. í ágúst 2016.

*Ákveðið var að fara yfir stefnuna m.t.t. umræðna á fundinum*

**6. Upplýsingastefna og verklagsreglur vegna upplýsinga- og kynningarmála - 1802089SA**

Lögð fram upplýsingastefna sambandsins og verklagsreglur vegna upplýsinga- og kynningarmála sem samþykkt var í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 27. apríl 2018.

*Ákveðið að bæta inn í verklagsreglurnar að allar fréttartilkynningar sem sendar eru á fjölmiðla verði jafnframt sendar á stjórn sambandsins.*

**7. Fundur stjórnar sambandsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga - 1710022SA**

Kynntur samráðsfundur stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga sem verður haldinn 12. október 2018, kl. 12:15 á Hilton Reykjavík Nordica hótél við Suðurlandsbraut.

**8. Staða kjaramála - 1803041SA**

Lagt fram trúnaðarskjal sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 8. október 2018, um stöðu kjaramála í október 2018.

**9. Fjárlagafrumvarp 2019 - 1809019SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins og sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 8. október 2018, um umsögn um frumvarp til fjárlaga 2019.

**10. Fjárhagsleg sjálfbærni sveitarfélaga - 1802017SA**

Lögð fram lokadrög að skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál um sjálfbærni fjármála sveitarfélaga, dags. 6. október 2018.

**11. Nýr lagarammi félagsþjónustu - 1806019SA**

Lagt fram bréf velferðarráðuneytisins, dags. 2. október 2018, um nýjan lagaramma félagsþjónustu ásamt umsögn sambandsins, dags. 13. september 2018, um málið. Einnig lagt fram yfirlit um útgjöld vegna NPA-samninga 2016-2019. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur að sveitarfélög séu jákvæð gagnvart þeim fjölmörgu valkostum er til verða samhliða innleiðingu á NPA sem lögákveðnu þjónustuformi. Ljóst er að þessir valkostir eru til þess fallnir að gagnast notendum sem og sveitarfélögum sem bera ábyrgð á skipulagi þjónustu við fatlað fólk.*

*Stjórnin leggur hins vegar þunga áherslu á að vel verði staðið að innleiðingunni og að sveitarfélög fái nægan tíma til þess að undirbúa gerð nýrra NPA-samninga við*

notendur, og endurnýjun þeirra samninga sem verið hafa í gildi. Forsenda þessa undirbúnings er að fyrir liggja kostnaðarmetin reglugerð sem lýsir framkvæmdinni. Ítrekað er að það er á grundvelli þeirrar reglugerðar sem sveitarfélögum er ætlað að setja sínar eigin reglur um staðbundna aðlögun þjónustunnar.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga átelur þann drátt sem orðið hefur á að hafist væri handa við kostnaðarmat. Óboðlegt er að sú staða hafi komið upp að NPA væri lögfest án þess að efni reglugerðarinnar lægi fyrir. Margháttað óvissa fylgir þessari stöðu og vinnur gegn því yfirlýsta markmiði löggjafans að réttarstaða notenda og ábyrgðaraðila þjónustu sé skýr við gerð og endurnýjun samninga um NPA. Áriðandi er að málið verði rætt til niðurstöðu á fundi sambandsins með félags- og jafnréttismálaráðherra sem áformað er að halda fyrir lok októbermánaðar.

Eypór Laxdal Arnalds vék af fundir kl. 14:20.

#### **12. Tvöfalt lögheimili barna - 1810003SA**

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 8. október 2018, um tvöfalt lögheimili barna ásamt umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 3. október 2018, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum, 25. mál.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með dómsmálaráðherra og Umboðsmanni barna þar sem málið verður rætt.*

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir vék af fundi kl. 14:40.

#### **13. Dagatal stjórnar 2018 og 2019 - 1710022SA**

Lagt fram dagatal stjórnar sambandsins fyrir árið 2018 og drög að dagatali stjórnar sambandsins fyrir árið 2019.

*Fundaáætlun stjórnar út árið 2018 og fyrir allt árið 2019 var samþykkt, ásamt tímasetningu landsþings sambandsins á næsta ári.*

#### **14. Heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum - 1808026SA**

Lagt fram bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 5. október 2018, um athugasemdir og hugmyndir Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

#### **15. Viljayfirlýsing um mikilvægi íslensks máls - 1809010SA**

Lögð fram til kynningar viljayfirlýsing milli Kennarasambands Íslands, forsætisráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla, dags. 4. október 2018, um vitundarvakningu um mikilvægi íslensks máls - Íslenska er stórmál.

- 16. Tilnefning í starfshóp til að vinna að heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum - 1810022SA**
- Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 4. október 2018, þar sem Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp til að vinna að heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara.
- 17. Tilnefning í samstarfshóp sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði - 1810008SA**
- Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 4. október 2018, þar sem Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd í samstarfshóp sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.
- 18. Umsögn um áform um lagafrumvarp um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsfélaga - 1808029SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 1. október 2018, um áform um lagafrumvarp um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsfélaga.
- 19. Umsögn um drög að aðgerðaráætlun í loftslagsmálum - 1809044SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 4. október 2018, um drög að aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.
- 20. Umsókn um viðbótarframlagvegna öryggishandbókar - 1610014SA**
- Lögð fram til kynningar umsókn sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 4. október 2018, um viðbótarframlag til að ljúka verkefni um öryggishandbók og öryggisráðstafanir grunnskólanna við notkun á rafrænum upplýsingakerfum.
- 21. Skýrsla samráðsnefndar um húsnæðismál - 1609019SA**
- Lögð fram til kynningar skýrsla samráðsnefndar um húsnæðismál, dags. í júlí 2018.
- 22. Skýrsla um mannvirki á miðhálandinu - 1810024SA**
- Lögð fram til kynningar skýrsla Skipulagsstofnunar um mannvirki á miðhálandinu, dags. í ágúst 2018.
- 23. Skýrsla um almenningssamgöngur á landsbyggðinni - 1810017SA**
- Lögð fram til kynningar skýrsla KPMG um almenningssamgöngur á landsbyggðinni - Landshlutasamtök sveitarfélaga, dags. 24. september 2018.
- Ákveðið að taka málið aftur upp til umræðu á næsta stjórnarfund.*

**24. Samband garðyrkjubænda - áskorun - 1810009SA**

Lögð fram til kynningar áskorun Sambands Garðyrkjubænda, dags. 28. september 2018.

Fundi var slitið kl. 15:05

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Eyþór Laxdal Arnalds

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Bjarni Jónsson

---

Kristján Þór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

Lilja Einarsdóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari